

Drög að umsögn ráðsins

Til minnis

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð lýsir yfir ánægju með drög að lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og þeim tillögum um aðgerðir sem henni fylgja.

Ráðið bendir á kosti þess að virkja samstarf við félagasamtök, íþróttafélög og fleiri aðila til að vinna stefnunni framgang.

Í íþróttastefnunni kemur m.a. fram sú framtíðarsýn að íþróttir og skipulögð hreyfing sé fyrir alla Reykvíkinga og að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu.

Í íþróttastefnunni hafa verið sett markmið fyrir stefnuáherslur sem varða hreyfingu, þátttöku og árangur og hafa fimm stefnuáherslur verið skilgreindar sérstaklega.

Í íþróttastefnu borgarinnar til ársins 2030 eru fjölmörg atriði sem hægt er, og nauðsynlegt, að tengja við lýðheilsustefnuna til að stuðla að bættri lýðheilsu.